

Reykjanesbæ 22.nóvember 2006

B.t. Sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar, 232.mál, viðurlagaákvæði.

Umsögn Íslandsmarkaðar.

Hér eru lögð fram drög að breytingum sem snúa að viðurlagaákvæðum. Mun ég hér víkja að þeim atriðum sem snúa að fiskmörkuðum.

Fyrst almennt um viðurlög.

Vil ég byrja á því að vekja athygli á mikilvægi vigtunarheimildar fyrir fiskmarkaði. Ólíkt því sem gildir um flesta aðra sem heimild hafa til endurvigtunar eða heimavigtunar, þá stendur og fellur starfssemi fiskmarkaða með því að þeir geti vigtað/endurvigtað. Auk þess er rétt að benda á að fiskmarkaðir eru ekki að vigta í sína þágu líkt og fiskverkanir. Fiskmarkaðir eru óháðir aðilar.

Við fögnum ákvæði um áminningu við fyrsta minni háttar brot.

Það að afturkalla leyfi aðila til vigtunar kemur mjög misjafnlega við vigtarleyfishafa. Hjá flestum fiskverkendum skiptir það ekki höfuðmáli fyrir starfssemina hvort þeir hafa endurvigtunarheimild eða ekki, hjá fiskmörkuðum skiptir það öllu. Enda eru allir fiskmarkaðir með endurvigtunarheimild en langt frá því allir fiskverkendur.

Fiskmarkaðir eru alls ekki að víkja sér undan ábyrgð en refsing í hvaða formi sem hún er hlýtur að taka mið af eðli brots þegar um smávægileg mistök er að ræða, mannleg mistök sem hafa engan efnahagslegan ávinning fyrir viðkomandi, og skapar engum, hvorki hinu opinbera né einstaklingum tjón. Þá hlýtur að vera allra hagur að til sé önnur úrræði en svipting, fjársektir fyrir minni háttar brot ætti að vera valkostur í stað sviptingar.

Svipting ætti ekki að koma til fyrr en við ítrekuð eða stórfelld brot.

Í núverandi lögum og framlögðu frumvarpi er Fiskistofa í góðum málum. Fiskistofa semur að mestu leiti þann texta sem hér er til umræðu, hefur með höndum eftirlit, rannsókn, sker úr um sekt eða sakleysi, ákveður refsingu og fylgir refsingu eftir. Nú er það svo að Fiskistofu er falið mikið ábyrgðarhlutverk og oft á tíðum of mikil ábyrgð. Það getur ekki verið auðvelt hlutskipti starfsmanna Fiskistofu að túlka öll þau matsatriði sem texti laga og reglugerða býður upp á. Í raun er það með ólíkindum að einum starfsmanni skulu falið það vald að geti lamað starfssemi fiskmarkaðs og eða fiskverkunar í fleiri vikur, einungis vegna þess að hann túlkar lagatextann á sinn hátt.

Varðandi ranglega skráðan afla þá er rétt að benda á að fiskmarkaðir hafa fyrir löngu óskað eftir rafrænni tengingu milli fiskmarkaða og Fiskistofu. Tengingu sem heimilaði Fiskistofu beinan aðgang að tölvukerfi fiskmarkaðanna. Tenginu sem fækkaði mistökum í innskráningu afla, mistökum sem reyndar verða oftast við innskráningu á hafnarvogum en ekki hjá fiskmörkuðum. Á tölvuöld er þessi tenging ekki enn komin á og er þar alfarið við Fiskistofu að sakast.

Ákvörðun refsingar sem úrskurðuð er af Fiskistofu þarf tafarlaust að vera hægt að vísa til óháðs aðila annars en ráðuneytis. 3-5 manna nefnd skipuð fulltrúa ráðuneytis, Fiskistofu, og fulltrúa veiða og vinnslu gæti tekið á álitamálum og lagt til við ráðherra til hvaða refsinga á að grípa. Sú leið sem opin er í dag þ.e. að kæra úrskurð Fiskistofu til ráðuneytisins tekur allt of langan tíma, auk þess sem ráðuneytið og Fiskistofa eru allt of tengd.

Texti frumvarps.

3.gr. Það ákvæði að afturköllun skulu vara minnst 12 vikur er óásættanlegt. Afturköllun leyfis hlýtur og verður að taka mið af eðli brots. Við annað minni háttar brot eða ítrekað minni háttar brot er afturköllun í 12 vikur fráleit. Meðan minniháttar brot er ekki skilgreint nánar geta lítilsháttar mannleg mistök eða rangur innsláttur orðið til þess að starfssemi fiskmarkaðs lamast í 3 mánuði jafnvel á hávertíð. Það hlýtur að vera til réttlátari leið. Sama má segja um heimavigtunarleyfi.

Það að ítrekuð afturköllun leyfis geri það að verkun að tvö ár verða að líða fram að næstu leyfisveitingu er óásættanlegt. Eins og áður hefur komið fram hlýtur eðli brots að hafa áhrif á eðli refsingar.

6.gr. Það er einkennileg mismunun að ef skip brýtur af sér með vanskil afladagbókar duga skil eða skýring á vanskilum til að öðlast áður niðurfellt leyfi til veiða. Hvers vegna geta svipuð ákvæði ekki gilt um vigtun fiskmarkaða.

Athugasemdir við athugasemdir sem fylgja frumvarpinu.

Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu Um 3.gr. segir:

“...Þá þarf og að hafa í huga að í mörgum tilvikum eiga og/eða gera vigtunarleyfishafar út þau fiskiskip sem landa þeim afla sem þeir vigta, og í öðrum tilvikum, svo sem þegar um fiskmarkaði er að ræða, annast þeir vigtun á afla mjög margra skipa og báta. Þá þarf ekki að fjölyrða um að sú hættu er fyrir hendi að menn freistist til að brjóta og fara á svig við reglur um vigtun og skráningu sjávarafla.....

Vil ég fyrir hönd fiskmarkaða mótmæla þeim dylgjum sem hér koma fram í garða fiskmarkaða. Fiskmarkaðir hafa enga hagsmuni aðra en þá að vigta rétt gagnvart kaupendum, seljendum og hinu opinbera.

Að lokum.

Frumvarp þetta barst mér í hendur sólahring fyrir boðaðan fund hjá sjávarútvegsnefnd, áskil ég mér rétt til að senda nefndinni frekari athugasemdir síðar.

F.h. Íslandsmarkaðar
Bjarni Áskelsson